

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 50

3. árgangur

07.11.1996

---

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
96/EES/50/01	Sameiginleg yfirlýsing varðandi XIV. kafla í II. viðauka við EES-samninginn um endurskoðunarákvæði á sviði áburðar og varðandi XV. kafla í II. viðauka við EES-samninginn um endurskoðunarákvæði á sviði hættulegra efna.....	01
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
96/EES/50/02	Tilmæli eftirlitsstofnunar EFTA nr. 85/96/COL frá 10. júlí 1996 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 1996 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum.....	03
96/EES/50/03	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.....	06
	3. EFTA-dómstóllinn	
96/EES/50/04	Beiðni um ráðgefandi álit frá Gulating lagmannsrett samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 21. maí 1996 í máli Tor A. Ask o.fl. gegn ABB Offshore Technology AS og Aker Offshore Partner AS.....	07

### III EB-STOFNANIR

#### 1. Ráðið

#### 2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/50/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.849 - ELG Haniel/Rewometaal).....	08
96/EES/50/06	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni á sviði flugiðnaðar (Mál nr. IV/36.213-F/2 -GEAE - P&W).....	09
96/EES/50/07	Samfylking sem áður hefur verið tilkynnt tekin til endurskoðunar (Mál nr. IV/M.818 - Cardo/Thyssen).....	10
96/EES/50/08	Tilkynning um samning (Mál nr. IV/36.208 (Belgacom+Scitor)).....	11
96/EES/50/09	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um tilkynningu nr. IV/34.774 - Potacan.....	12
96/EES/50/10	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 - Mál nr. IV/35.467, 35.468, 35.509-512, 35.527-530, 36.094/E1 - Finnish Timber.....	13
96/EES/50/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.697 - Lockheed Martin/Loral Corporation).....	14
96/EES/50/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.767 - Thomson CSF/Finmeccanica/Elettronica).....	14
96/EES/50/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.806 - British Airways/TAT (II)).....	15
96/EES/50/14	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	15
96/EES/50/15	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	16
96/EES/50/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem er liður í framkvæmd tilskipunar 89/106/EBE um byggingarvörur, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EB.....	17

#### 3. Dómstóllinn

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### Sameiginleg yfirlýsing varðandi XIV. kafla í II. viðauka við EES-samninginn um endurskoðunarákvæði á sviði áburðar

96/EES/50/01

1. liður: Tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð (Stjttíð. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 21)

Aðlögunartextinn við þessa tilskipun heimilar EFTA-ríkjunum að takmarka aðgang að mörkuðum sínum varðandi kadmíum í tilbúnum áburði í samræmi við kröfur í gildandi löggjöf þeirra daginn sem EES-samningurinn tók gildi. Samningsaðilarnir endurskoðuðu stöðuna sameiginlega árið 1995.

Á grundvelli endurskoðunarinnar hafa samningsaðilarnir fallist á að framlengja framannefnda stöðu. Ný endurskoðun skal fara fram árið 1998.

### Sameiginleg yfirlýsing varðandi XV. kafla í II. viðauka við EES-samninginn um endurskoðunarákvæði á sviði hættulegra efna

4. liður: Tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (Stjttíð. EB nr. L 197, 3. 8. 1979, bls. 37)

Aðlögunartextinn við þessa tilskipun heimilar EFTA-ríkjunum að takmarka aðgang að mörkuðum sínum í samræmi við kröfur í gildandi löggjöf þeirra daginn sem EES-samningurinn tók gildi, varðandi:

- klóruð lífræn leysiefni,
- asbest trefjaefni,
- kvikasilfursambönd,
- arsensambönd,
- lífræn tinsambönd,
- pentaklórfenól,
- kadmíum,
- rafhlöður.

Samningsaðilarnir endurskoðuðu stöðuna sameiginlega árið 1995. Á grundvelli endurskoðunarinnar hafa samningsaðilarnir fallist á að framlengja stöðuna fyrir öll EFTA-ríkin hvað varðar asbest trefjaefni. Ný endurskoðun skal fara fram árið 1998.

Hvað varðar kvikasilfursambönd, arsensambönd, lífræn tinsambönd, pentaklórfenól og kadmíum hafa samningsaðilar fallist á að framlengja stöðuna fyrir Liechtenstein. Ný endurskoðun skal fara fram árið 1998. Hvað varðar þessi efni hafa Ísland og Noregur komist að þeirri niðurstöðu að þau geti samþykkt tilskipun ráðsins 76/769/EBE, með gildistöku frá 1. júlí 1996.

Hvað varðar klóruð lífræn leysiefni hafa allir samningsaðilar komist að þeirri niðurstöðu að þeir geti samþykkt tilskipun ráðsins 76/769/EBE, með gildistöku frá 1. júlí 1996.

11. liður: Tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni (Stjttíð. EB nr. L 78, 26. 3. 1991, bls. 38)

Aðlögunartextinn við þessa tilskipun heimilar EFTA-ríkjunum að takmarka aðgang að mörkuðum sínum varðandi rafhlöður í samræmi við kröfur í gildandi löggjöf þeirra daginn sem EES-samningurinn tók gildi. Samningsaðilarnir endurskoðuðu stöðuna sameiginlega árið 1995.

Á grundvelli endurskoðunarinnar hafa samningsaðilarnir fallist á að Noregi sé heimilt að viðhalda strangari viðmiðunarmörkum vegna banns við markaðssetningu á rafhlöðum sem innihalda meira en 0,001% af kvikasilfri eða kadmíum. Ný endurskoðun skal fara fram árið 1998.

Samningsaðilarnir hafa ennfremur fallist á að Noregur fresti gildistöku á rýmkuðum viðmiðunarmarkum fyrir kvikasilfur í hnapparafhlöðum til 1. júlí 1997.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar hafa Ísland og Liechtenstein komist að þeirri niðurstöðu að þau geti samþykkt tilskipun ráðsins 91/157/EBE, með gildistöku frá 1. júlí 1996.

12. liður: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91 frá 4. mars 1991 um efni sem eyða ósonlaginu (Stjttíð. EB nr. L 67, 14. 3. 1991, bls. 1)

Aðlögunartextinn við þessa reglugerð heimilar EFTA-ríkjunum að beita innlendra löggjöf þeirra sem var í gildi daginn sem EES-samningurinn tók gildi. Samningsaðilarnir endurskoðuðu stöðuna sameiginlega árið 1995.

Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 3093/94 frá 15. desember 1994 um efni sem eyða ósonlaginu var reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91 felld úr gildi innan bandalagsins. Samningsaðilarnir hafa samþykkt að fella reglugerð nr. 3093/94, ásamt aðlögunartextum, inn í III. kafla XX. viðauka við samninginn og fella niður textann í 12. lið XV. kafla í II. viðauka.

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

96/EES/50/02

frá 10. júlí 1996

#### um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 1996 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

##### EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 54. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum<sup>(1)</sup>), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE er þess krafist að EFTA-ríkin sendi eftirlitsstofnun EFTA, eigi síðar en 1. ágúst 1995, allar nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd innlendra eftirlitsáætlana árið 1994 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks magn varnarefnaleifa sem sett eru í II. viðauka við tilskipunina. Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist ákvæðnar upplýsingar í samræmi við þessa kröfu.

Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE er þess krafist að EFTA-ríkin geri framtíðaráætlanir um hvernig og hve oft skuli framkvæma eftirlit til að tryggja að farið sé að þar til gerðri skrá um hámarks magn varnarefnaleifa.

Í tilmælum eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. apríl 1995 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 1995 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum fer stofnunin fram á að EFTA-ríkin sendi sér fyrir 1. september 1995 fyrirhugaðar innlendar eftirlitsáætlanir fyrir árið 1996. Stofnuninni hafa borist ákvæðnar upplýsingar í kjölfar þessara tilmæla.

II. viðauki við tilskipun 90/642/EBE, með áorðnum breytingum, hefur að geyma skrár yfir samræmt hámarks magn tiltekinna

varnarefna sem innlendar og samræmdar eftirlitsáætlanir 1996 skulu taka mið af.

Upplýsingarnar sem eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum nægja ekki til að hægt sé að hafa fulla yfirsýn yfir frágengnar og fyrirhugaðar eftirlitsáætlanir EFTA-ríkjanna.

Enn er þörf á að mælast til almennra grundvallarráðstafana í tengslum við eftirlit með varnarefnaleifum sem EFTA-ríkin framkvæma árið 1996 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um lögboðið hámarks magn varnarefnaleifa og til að stuðla að snurdulausri starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.

Mikilvægt er að EFTA-ríkin veiti upplýsingar um núverandi innlendar ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja gæði sýna og greininga á magni varnarefnaleifa sem hægt er að byggja á frekari umræðu.

Með hliðsjón af samningu tilmæla síðar meir myndi það einnig vera hagkvæmt fyrir eftirlitsstofnun EFTA ef henni væri tilkynnt fyrirfram um áætlanir EFTA-ríkjanna fyrir árið 1997 um eftirlit með hámarks magni varnarefnaleifa sem kveðið er á um í tilskipun 90/642/EBE.

Eftirlit og sýnataka af hálfu EFTA-ríkjanna, til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks magn varnarefnaleifa, sbr. skrána sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/642/EBE, skal fara fram í samræmi við kröfur gerðarinnar sem um getur í 20. lið XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 79/700/EBE um sýnatökuaðferðir innan bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á ávöxtum og matjurtum<sup>(2)</sup>), gerðarinnar sem um getur í 37. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 85/591/EBE um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits<sup>(3)</sup>) og gerðanna sem um getur í liðum 50 og 54n í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 89/397/EBE<sup>(4)</sup> og 93/99/EBE<sup>(5)</sup>) um opinbert matvælaeftirlit).

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. L 350, 14. 12. 1990, bls. 71.

(<sup>2</sup>) Stjttð. EB nr. L 207, 15. 8. 1979, bls. 26.

(<sup>3</sup>) Stjttð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 50.

(<sup>4</sup>) Stjttð. EB nr. L 86, 30. 6. 1989, bls. 23.

(<sup>5</sup>) Stjttð. EB nr. L 290, 24. 11. 1993, bls. 14.

Liechtenstein ber að fara að ákvæðum gerðanna sem um getur í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn fyrir 1. janúar 2000. Liechtenstein skal eftir megni leitast við að fara að ákvæðum gerðanna sem um getur í þeim kafla fyrir 1. janúar 1997. Því eiga þessi tilmæli ekki við um Liechtenstein árið 1996.

Hinn 7. nóvember 1995 var haft samráð við Noreg og Ísland innan fastanefndar EFTA um matvæli sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

#### **SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:**

Mælt er með að Noregur og Ísland:

1. veiti forgang eftirliti með vörum úr marktækum hluta vöruflokka sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/642/EBE,
2. veiti forgang reglulegri töku á lágmarksfjölda sýna sem endurspeglar framleiðslu, neyslu og innflutning hvernar vöru inn á Evrópska efnahagssvæðið árið 1996 eða á markaðstíma vörunnar, og skrái um leið uppruna og sölu- eða markaðsstig hennar,
3. veiti forgang greiningu á leifum eins margra varnarefna sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE og unnt er, með hliðsjón af gildandi greiningaraðferðum,
4. veiti forgang samningu á almennri skýrslu um hvernig þau beita gæðatryggingu á sýnatöku og greiningu á varnarefnaleifum í upplýsingaskyni á sama tíma og þau semja skýrsluna sem vísað er til í 6. tilmælum,
5. sem sérstaka æfingu fyrir 1996, taki sýni og greini vöru-/varnarefnaleifasamsetningar sem um getur í I. viðauka og miði við að reyna að ná 30 sýnum fyrir hverja vöru sem skulu endurspeglar eins og við á innlenda hlut, EES-hlut og hlut þriðja lands af markaði EFTA-ríkjanna, og skýri frá niðurstöðum, þar með töldum greiningaraðferðum sem eru notaðar og gæðatryggingu þeirra fyrir 1. júlí 1997, ef kostur er, en eigi síðar en 1. ágúst 1997,
6. sendi eftirlitsstofnun EFTA allar nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE, einkum skýrslur um niðurstöður eftirlitsæfingarinnar 1995 hvað varðar varnarefni sem talin eru upp í II viðauka við tilskipun 90/642/EBE, og
7. sendi eftirlitsstofnun EFTA fyrir 1. september 1996 fyrirhugaði innlenda eftirlitsáætlun fyrir árið 1997.

Gjört í Brussel 10. júlí 1996

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Knut Almestad*

forseti

*Björn Friðfinnsson*

stjórnarmaður.

## I. VIÐAUKI

Hámarks magn leifa (MRL) sem ber að hafa eftirlit með í sérstöku æfingunni fyrir 1996 sem kveðið er á um í 5. tilmælum

### VÖRUR SEM MRL GILDIR UM

VARNAREFNA- LEIFAR SEM Á AÐ GREINA	1. EPLI	2. VÍNBER	3. JARÐ- ARBER	4. TÓMATAR	5. SALAT
Asefat	(x)	0,02*	0,02*	0,5	1
Klórþýrífós	0,5	0,5	0,2	0,5	(x)
Klórþýrífósmetýl	0,5	0,2	0,5	0,5	0,05*
Metamídófos	(x)	(x)	(x)	0,5	0,2
Ípródíón	10	10	10	5	10
Prósýmídón	(x)	5	5	2	5
Klóróþalónífl	(x)	1	(x)	2	(x)
Benómýlhópur (a)	2	(x)	(x)	(x)	(x)
Maneb-hópur (b)	(x)	2	2	(x)	5

(x) Merkir opna eða ósamræmda stöðu: Aðildarríkin skulu skýra frá innlendu hámarks magni leifa sem og magni í sérstöku æfingunni.

(a) Benómýl, karbendasím, þíófanat-metýl (samtala gefin upp sem karbendasím).

(b) Maneb, mankóseb, metíram, própíneb, síneb (samtala gefin upp sem CS<sub>2</sub>).

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.  
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um  
eftirlitsstofnun og dómstól**

**96/EES/50/03**

**Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum**

**Ákvörðunin var samþykkt þann:** 28. ágúst 1996

<b>EFTA-ríki:</b>	Ísland
<b>Aðstoð nr.:</b>	96-001
<b>Titill:</b>	Kort yfir styrkhæf svæði og hámark styrkja sem þeim er úthlutað
<b>Markmið:</b>	Byggðaðpróun
<b>Lagalegur grunnur:</b>	Tillögunni verður hrint í framkvæmd með breytingu á löggjöf um Byggðastofnun (Lög nr. 64/1985, eins og þeim var breytt með lögum nr. 39/1991; reglugerð nr. 51/192)
<b>Styrkhæf svæði:</b>	Eftirfarandi kjördæmi: Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland, sem og Suðurnesja-svæðið, sem myndað er af sveitarfélögum í Reykjaneskjördæmi sem eru utan höfuðborgarsvæðisins
<b>Hlutfall af íbúafjölda:</b>	40,8%
<b>Styrkleiki aðstoðar:</b>	17% hreint styrkjajafnvirði, að viðbættum 10% brúttó fyrir LMF
<b>Fjárveiting:</b>	Engin bein fjárúthlutun fyrir kortið
<b>Gildistími:</b>	Fimm ár



## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni um ráðgefandi álit frá Gulating lagmannsrett samkvæmt 96/EES/50/04  
úrskurði þess dómstóls frá 21. maí 1996 í máli Tor A. Ask o.fl. gegn  
ABB Offshore Technology AS og Aker Offshore Partner AS.**

**(Mál E-3/96)**

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólum samkvæmt úrskurði frá 21. maí 1996 frá Gulating lagmannsrett, Noregi, sem barst skrifstofu dómstólsins þann 28. maí 1996, um ráðgefandi álit í máli Tor A. Ask o.fl. gegn ABB Offshore Technology AS og Aker Offshore Partner AS að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Gildir 1. mgr. 1. gr. í tilskipun ráðsins 77/187/EBE í tilviki þar sem tímabundinn samningur um viðhald og breytingar rennur úr og umbjóðandi gerir nýja tímabundna samninga sem taka til sömu viðhaldsstarfsemi, eða annarrar, við einn eða fleiri verktaka?
2. Hefur það einhver áhrif á svarið við fyrstu spurningu ef samningurinn fellur undir tilskipanir ráðsins 90/531/EBE og 93/38/EBE?
3. Hefur það einhver áhrif ef starfsfólk og/eða búnaður er fluttur til eða tekinn yfir af fyrirtækjum sem hafa viðhaldssamninga við Statoil?

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.849 - ELG Haniel/Rewometaal)

**96/EES/50/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 10. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið ELG Haniel GmbH, sem tilheyrir samstæðunni Franz Haniel & cie GmbH, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Rewometaal Stainless Processing BV með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ELG Haniel: endurvinnsla á iðnaðarúrgangi og útvegum hráefnis,
  - Rewometaal Stainless Processing: viðskipti og vinnsla á úrgangssáli og -kopar. (Rewometaal vinnur einnig ryðfrían stálúrgang. Þessi hluti starfseminnar fellur undir sáttmála KSE).
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 332, 7. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.849 - ELG Haniel/Rewometaal, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni á sviði flugiðnaðar (Mál nr. IV/36.213-F/2 -GEAE - P&W)****96/EES/50/06**

1. Þann 26. 9. 1996 barst framkvæmdastjórninni tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> um samstarfssamning milli deildarinnar General Electric Aircraft Engines í General Electric Company, USA (GEAE) og deildarinnar Pratt & Whitney í United Technologies Corporation, USA.
2. GEAE og P&W hafa stofnað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í því skyni að hanna, þróa, framleiða, markaðssetja, selja og annast viðhaldsþjónustu á nýjum flugvélahreyfli (New Engine) fyrir stærri gerðir af 747-400 flugvélum sem Boeing er að hanna (Growth 747). Nýju hreyflarnir verða hluti af framleiðslu á stórum hjárásarhverflum með spyrnkrafti á milli 70 000 og 85 000 lbs. Vélarnar munu uppfylla ströng skilyrði sem Boeing og flugfélög setja fyrir vélar af nýju gerðinni (Growth 747).
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntur samningur geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 332, 7. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.213-F72, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F  
Office 1/57  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Samfylking sem áður hefur verið tilkynnt tekin  
til endurskoðunar  
(Mál nr. IV/M.818 - Cardo/Thyssen)**

**96/EES/50/07**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. 10. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> um stofnsetningu fyrirtækis um sameiginlegt verkefni milli sænska fyrirtækisins Cardo AB og þýska fyrirtækisins Thyssen Industrie A.G. Fyrirtækið um sameiginlega verkefni mun annast framleiðslu á hemlakerfum fyrir járnbrautavagna.
2. Þann 22. 10. 1996 var því lýst yfir að tilkynningin væri ófullnægjandi. Viðkomandi fyrirtæki hafa nú lagt fram nauðsynlegar viðbótarupplýsingar og var gengið frá tilkynningunni í endanlegri mynd í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þann 28. 10. 1996. Í kjölfarið öðlaðist tilkynningin gildi þann 28. 10. 1996.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 332, 7. 11. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.818 - Cardo/Thyssen, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um samning  
(Mál nr. IV/36.208 (Belgacom+Scitor))**

**96/EES/50/08**

1. Þann 19. 9. 1996 barst framkvæmdastjórninni tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um samning um einkadreifingu milli Belgacom „Société Anonyme de Droit Public”, Scitor Limited og Scitor International Telecommunications Services, Inc. Samningurinn kveður á um fjöhlíða gagnastjórnun og fyrirtækjatsímaþjónustu sem tekur m.a. til talsímaþjónustu alþjóðlegs sýndareinkanets (International Virtual Private Network (IVPN)), rammasendinga, stýrðra bandbreidda og pakkaskiptar gagnasamskiptaþjónustu við belgíska markaðinn. Samningurinn tekur ekki til tvíhliða þjónustu eða innanlandsfjarSKIPTAþjónustu í Belgíu.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntur samningur falli undir gildissvið reglugerðar nr. 17.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi tilkynntan dreifingarsamning á framfæri við sig.
4. Athugasemdirnar skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 20 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 314, 24. 10. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/36.208 (Belgacom+Scitor), annaðhvort um bréfasíma (+32 2 296 70 81) eða í pósti, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/081  
150 Avenue de Cortenberg/Kortenberglaan  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar  
ráðsins nr. 17/62 um tilkynningu nr. IV/34.774 - Potacan**

**96/EES/50/09**

Þann 2. 7. 1993 barst framkvæmdastjórninni beiðni um að mótmælum væri ekki hreyft eða undanþágu samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, vegna fyrirtækis um sameiginlegt verkefni milli Entreprise Minière et Chimique (EMC) og Kali und Salz AG (K+S). Tilkynningin varðar starfsemi Potash Company of Canada (Potacan), fyrirtækis sem skráð er í Kanada. Helsta starfsemi Potacan er markaðssetning víðs vegar um heim á kalíumklóríð sem framleitt er af Potacan Mining Company (PMC), námu sem er í New Brunswick og er að öllu leyti í eigu Potacan.

Þann 1. desember 1993 sendi framkvæmdastjórnin viðkomandi aðilum mótmælayfirlýsingu og efndi til skýrslugjafar þann 21. mars 1994. Mótmæli framkvæmdastjórnarinnar grundvölluðust á þeirri niðurstöðu að tilkynningin um fyrirtækið um sameiginlega verkefnið félli undir bannið í 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og uppfyllti ekki skilyrði um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. þar sem gert væri ráð fyrir samhæfingu á samkeppni milli móðurfyrirtækjanna sem gæti beint eða óbeint haft áhrif á markaði bandalagsins fyrir kalíumkarbónat.

Í kjölfar mótmæla framkvæmdastjórnarinnar samþykktu málsaðilar að breyta ákveðnum ákvæðum í upphaflega samningnum. Breytingarnar voru samþykktar af móðurfyrirtækjum Potacan þann 11. desember 1995 og sendar framkvæmdastjórninni þann 29. janúar 1996.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu til tilkyntra breytinga. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 316, 25.10.1996, með tilvísun til máls nr. IV/34.774, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate E  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar  
ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> - Mál nr. IV/35.467, 35.468, 35.509-512,  
35.527-530, 36.094/E1 - Finnish Timber**

**96/EES/50/10**

Þann 18. mars 1994, gerðu Metsäteollisuus ry (finnsku skógræktarsamtökin, hér á eftir nefnd „samtökin“) og samband finnskra bænda og skógræktarmanna í Finnlandi hér á eftir nefnt „MTK“) með sér samning um þróun viðskipta með við og eins árs samninga um verðhækkanir, meðalverð og fallmagn fyrir hvert skógræktarumdæmi, leyfileg frávik innanlands og innan hvers héraðs frá meðalverðum, tölfræðilegar upplýsingar og eftirfylgd. Málsaðilarnir tilkynntu þessa samninga til eftirlitsstofnunar EFTA og báðu um að mótmælum væri ekki hreyft eða að öðrum kosti undanþágu.

Í ágúst 1994, að undangenginni forkönnun í málinu, upplýsti eftirlitsstofnun EFTA málsaðila að tilkynntur samningur fæli í sér verðeinokun og svæðisbundna markaðsskiptingu og áformaði að taka ákvörðun á grundvelli 6. mgr. 15. gr. 2. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til þess að afturkalla undanþágu frá sektum fyrir tímabilið eftir tilkynninguna.

Í kjölfar þessara mótmæla gerðu samtökin og MTK nýjan samning sem er dagsettur 21. nóvember 1994 um langtímaþróun á tilteknum þáttum er varða samkeppni í viðskiptum með trjáboli og felldi úr gildi samninginn sem upphaflega var tilkynntur (fyrir utan að ákvæði um meðalverð giltu til 28. febrúar 1995). Þann 23 nóvember 1994 var nýi samningurinn tilkynntur til eftirlitsstofnunar EFTA sem lýsti yfir áformum sínum um að taka jákvæða afstöðu gagnvart þessum rammasamningi á grundvelli 3. mgr. 19. gr.

Málin komu undir valdsvið framkvæmdastjórnarinnar 1. janúar 1995, þegar Finnland varð aðili að Evrópusambandinu. Málsgögn voru opinberlega flutt frá eftirlitsstofnuninni EFTA til framkvæmdastjórnarinnar þann 22. mars 1995.

Þann 10. júní 1996, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, gerðu MTK og samtökin viðbótarbókun um breytingu á samningnum um langtímaþróun á samkeppni í viðskiptum með trjáboli. Viðbótarbókunin gildir þar til frekari tilkynning til fimm ára verður birt og var tilkynnt framkvæmdastjórninni þann 20. júní 1996.

Framkvæmdastjórnin áformar að taka jákvæða afstöðu, til fimm ára, hvað varðar tilkynnta samninginn. Áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjótd. EB nr. 317, 26. 10. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/35.467, 35.468, 35.509-512, 35.527-530, 36.094/E1 - Finnish Timber, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition  
Directorate E  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjótd. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.697 - Lockheed Martin/Loral Corporation)****96/EES/50/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0697. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.767 - Thomson CSF/Finmeccanica/Elettronica)****96/EES/50/12**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 7. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0767. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(<sup>1</sup>) Stjóttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjóttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.



**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.806 - British Airways/TAT (II))****96/EES/50/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 8. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgúgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0806. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr.  
EB-sáttmálans  
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki****96/EES/50/14**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem bresk stjórnvöld ætla að veita fyrirtækjunum Jaguar Cars Ltd. og Ford Motor Company vegna fjárfestingarverkefna og kostnaðar í tengslum við umhverfisvernd og starfsþjálfun í Birmingham, Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 511/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 311 frá 22. 10. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoð sem Þýskaland ætlar að veita fyrirtækinu Mercedes-Benz Company vegna fjárfestingarverkefna í Berlin Marienfelde, ríkisaðstoð nr. N 1025/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 324 frá 30. 10. 1996).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt****96/EES/50/15**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 1996 um fjárhagslegar ráðstafanir sem Spánn gerði í þágu kolaiðnaðarins fyrir árið 1996 og viðbótarráðstafanir fyrir árið 1994 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 259, 12. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð fyrir innflutningi á nýju kjöti frá löndum Suður-Ameríku (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 261, 15. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. október 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku og framleiðslu fósturvísa og hafa heimild í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa til bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 262, 16. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. október 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/24/EBE og 93/244/EBE um viðbótarábyrgðir í tengslum við Aujeszky-veiki vegna svína sem á að senda til svæða í Austurríki sem eru laus við sjúkdóminn (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 258, 11. 10. 1996)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/64/EB frá 2. október 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 77/389/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dráttarbúnað vélknúinna ökutækja (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 258, 11. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. október 1996 um gerð skrár yfir vörur í A-flokki „Stuðlar ekki að útbreiðslu elds” sem kveðið er á um í ákvörðun 94/611/EB um framkvæmd á 20. gr. tilskipunar 89/106/EBE um byggingarvörur (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 267, 19. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. október 1996 um úthlutun á kvótum fyrir markaðssetningu í bandalaginu á vetnisklórlúorkolefnum fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1996 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 267, 19. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 1996 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og kvíaeldisafurðum sem upprunnar eru í Úrúgvæ (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 269, 22. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 1996 um breytingu á ákvörðun ráðsins 79/542/EBE um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nautgripum, svínum, hófdýrum, kindum, geitum, nýju kjöti og kjötafurðum (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 267, 19. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 1996 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og kvíaeldisafurðum sem upprunnar eru í Suður-Afríku (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 269, 22. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 1996 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og kvíaeldisafurðum sem upprunnar eru í Malasíu (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 269, 22. 10. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. október 1996 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og kvíaeldisafurðum sem upprunnar eru á Fílabeinsströndinni (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. L 269, 22. 10. 1996)

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar sem er liður  
í framkvæmd tilskipunar 89/106/EBE um byggingarvörur<sup>(1)</sup>,  
eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 93/68/EB<sup>(2)</sup>**

**96/EES/50/16****(95/C 211/03)****(Texti sem varðar EES)**

(Í upplýsingarskyni eru birt heiti stofnana sem hafa heimild til að gefa út evrópsk tæknisamþykki)

**HEITI OG HEIMILISFANG STOFNUNAR****ELOT**

313, Acharnon Street

GR-11145 Athens

Sími: (+ 30 1) 201 50 25/202 93 67

Bréfasími: (+ 30 1) 202 07 76/202 59 12

**Österreichisches Institut für Bautechnik**

Schenkenstraße 4

A-1010 Wien

Sími: (+ 43 1) 533 65 50

Bréfasími: (+ 43 1) 533 64 23

*Stofnun sem gegnir hlutverki talsmanns***Bundesministerium für wirtschaftliche Angelegenheiten**

Abteilung IX/2

Landstraßer Hauptstraße 55

A-1030 Wien

Sími: (+ 43 1) 71 10 22 61

Bréfasími: (+ 43 1) 714 35 82

**Liisa Rautiainen**

Chief Research Scientist

VTT Building Technology

PO Box 1800

FIN-02044 VTT

Sími: (+ 358 0) 45 61

Bréfasími: (+ 358 0) 456 70 06

**SITAC**

Swedish Institute for Technical Approval in Construction

Svenskt Byggodkännande AB

Box 553

S-371 23 Karlskrona

Sími: (+ 46 455) 33 63 00

Bréfasími: (+ 46 455) 206 88

**Icelandic Building Research Institute**

RB-Keldnaholt

IS-112 Reykjavík

Sími: (+354 5) 67 60 00

Bréfasími: (+ 354 5) 67 88 11

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

Norwegian Building Research Institute (NBI)  
PO Box 123, Blindern  
N-0314 OSLO 3  
Sími: (+ 47) 22 96 55 00  
Bréfasími: (+ 47) 22 69 94 38

Ath: Framkvæmdastjórnin mun sjá um að uppfæra þennan lista.